

## **Borgarráð 11. janúar 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stöðu leikskólamála MSS24010109**

Nýlega fengu borgarfulltrúar skeyti frá foreldri sem ekki fær pláss fyrir barn sitt á leikskóla eins og búið var að lofa. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsingar um hvernig gengur að leysa úr þessum vanda leikskólanna og hvenær mega tugir foreldra eiga von á að fá pláss fyrir börn sín? Ýmist á eftir að ljúka framkvæmdum eða leysa mönnunarfanda. Eins og fram kemur í skeytinu þá eru foreldrar að bugast. Það tekur á að hafa ekki dagvistunarpláss, en það er erfiðara að vita ekki hvenær úr rætist. Ekkert er gert fyrir foreldra sem eru úti í kuldanum.

### **Greinargerð:**

Fulltrúi Flokks fólksins tekur undir orð foreldra að það hafi verið skrítið að lesa í fréttum 6. september 2023 að Einar Þorsteinsson segi að það skorti ekki vilja og fjármagn til að leysa þessi leikskólamál. Seinna, 14. desember, var önnur frétt um að fjölskyldur 100-200 barna sem eru eldri en 18 mánaða en eru hjá dagforeldrum megi eiga von á endurgreiðslu á vistunargjöldum. En miðað við sömu frétt eru um 200-300 börn eldri en 18 mánaða sem hvorki eru með leikskólapláss né pláss í vistun hjá dagforeldrum. Það er ekkert talað um hvað eigi að gera til að koma til móts við þessar fjölskyldur eða hvenær þessi börn eigi möguleika á að komast að í dagvistun (vísað í skeyti foreldris frá 8.1. 2024). Foreldrar hafa þurrausið öll úrræði á meðan á biðinni stendur, taka fæðingarorlof, nýta alla tiltæka til að hlaupa undir bagga, taka orlof og hreinlega missa úr vinnu ef ekki missa vinnu sína. Finna þarf úrræði til að styðja við foreldra sem hafa engin úrræði.